

Ed.

403. Nefndarálit

[104. mál]

um frv. til l. um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands. Búnaðarþing gerði ályktun um málið og taldi m. a., að í frumv. væru nýmæli, sem miðuðu að aukinni starfsemi við landgræðslu og gróðurvernd. Einnig benti það á nokkur atriði í frumv., sem það vildi breyta. Hefur nefndin tekið flestar þær ábendingar til greina og mælir með, að frumv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Ásgeir Bjarnason var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 31. marz 1965.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.
Páll Þorsteinsson.

Sig. Ó. Ólafsson,
fundaskr.
Jón Árnason.

Jón Þorsteinsson.
Björn Jónsson.